

2. desember 2020, Reykjavík

Nefndarsvið Alþingis, 239. mál

**Þingsályktunartillaga um aðgengi einstaklinga sem ferðast til Íslands að þungunarrofi**

Ég vil koma á framfæri einlægum stuðningi við þingsályktartillögu Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur um að greiða leið pólskra einstaklinga til að fá aðstoð og stuðning við þungunarrof á Íslandi.

Íslendingar telja sig almennt framarlega í jafnréttismálum og mannréttindamálum. Ísland skorar oft hæst á listum þar sem jafnrétti er talið hafa náð langt. Jafnréttismál eru þó ekki einkamál hverrar þjóðar. Mannréttindi allra, líka þeirra sem ekki búa á Íslandi, eru hagsmunamál okkar allra.

Aðgangur að þungunarrofi eru mannréttindi en að þeim er vegið í Póllandi. Líkamlegt sjálfræði er tekið frá þeim sem geta orðið þunguð og það hlýtur að teljast grafalvarlegt mál. Með því að greiða leið þessara einstaklinga að þungunarrofi tekur Ísland skýra afstöðu með mannréttindum og gegn þeirri ógnarstjórn sem nú sést í Póllandi, þar sem vegið er að grundvallarmannréttindum margra hópa.

Umræðan virðist hafa farið á þann veg að fari þetta mál í gegn muni flykkjast hingað þúsundir pólskra einstaklinga á hverjum degi sem myndu setja heilbrigðiskerfið á hliðina. Það eru ýkjur, en vandamál heilbrigðiskerfisins þarf að bæta algjörlega óháð þessari þingsályktartillögu.

Auk þess er ekki kvóti á mannréttindum.

Virðingarfyllt

Tinna Haraldsdóttir, meistaranemi í kynjafræði